

## Samningur

### mennta- og menningarmálaráðuneytis við Háskólasetur Vestfjarða um ráðstöfun rekstrarframlags í fjárlögum 2014 - 2016

Mennta- og menningarmálaráðuneyti, kt. 460269-2969, í samningi þessum nefnt ráðuneyti, og Háskólasetur Vestfjarða ses., kt. 610705-0220, í samningi þessum nefnt Háskólasetur, gera með sér svofelldan samning um starfsemi og þjónustu Háskólasetursins.

#### 1. Markmið og starfsemi

1.1. Meginmarkmið með samningi þessum eru að:

- bæta aðgengi íbúa á Vestfjörðum að námi á háskólastigi,
- stuðla að auknu samstarfi og samþættingu menntunar, rannsókna, fræðastarfs, menningarstarfsemi og atvinnuþróunar á starfssvæði Háskólasetursins.

1.2. Starfsemi

##### • *Háskólanám*


Veita nemum á háskólastigi þjónustu, t.a.m. með miðlun fjarfundakennslu, fjarprófahaldi og með því að halda úti les- og vinnuaðstöðu fyrir fjarnema.

- Þróa námsleiðir og/eða námskeið á háskólastigi sem byggja á sérstöðu í náttúrufari og/eða menningu svæðisins í samstarfi við háskóla, sérfræðinga og þekkingarsetur á svæðinu. Vinna með háskólum að bættri þjónustu við íbúa í formi fjarkennslu og staðbundins náms.
- Háskólasetrið getur staðið fyrir staðbundnu námi á meistarastigi í samstarfi við viðurkennda háskóla samanber 3. gr. laga nr. 63/2006 sem þá ber faglega ábyrgð á náminu og tekst á hendur eftirlitsskyldu samkvæmt ákvæðum í IV kafla laga nr. 63/2006 um eftirlit með gæðum kennslu og rannsókna.
- Sinna menntatengdum verkefnum, sem dregið geta fram sérstöðu svæðisins eða efla byggð.
- *Rannsóknir og þróun*  
Hafa frumkvæði að rannsókna- og þróunarverkefnum sem byggja á sérstöðu í náttúrufari, atvinnulífi og/eða menningu svæðisins og eru til þess fallin að efla byggð, og/eða samstarfi sérfræðinga og annarra þekkingarsetra á svæðinu um slík verkefni. Taka virkan þátt í faglegri umræðu um þróun rannsókna og háskólastarfs. Vinna með sérfræðingum og þekkingarsetrum á svæðinu að þróun verkefna og stefnumótun háskóla- og rannsóknarstarfs. Taka virkan þátt í að móta öflugt umhverfi nýsköpunar-, atvinnu- og samfélagsþróunar á Vestfjörðum í samstarfi við hagsmunaaðila. Aðstoða fræðimenn við að koma á tengslum og útvega sér aðstöðu.

#### 2. Forsendur samnings og lagaheimildir

2.1. Framlag ríkisins til samnings þessa er ákveðið í fjárlögum hvers árs, fjárlagaliður 02-299-1.34 og er það 94,2 mkr. árið 2014.

2.2. Ráðuneytið annast samskipti aðila vegna samningsins við fjármálaráðuneyti og Alþingi. Það mun beita sér fyrir því að árlegt framlag til samningsins verði í samræmi við gr. 2.1. með fyrirvara um að Háskólasetrið standi við skuldbindingar sínar. Gerður



1000

er fyrirvari um að stjórnvöld kunna að ákveða aðhaldsaðgerðir við samþykkt fjárlaga og á Háskólasetrið ekki kröfu á ríkissjóð eða rétt á bótum þótt framlag til samningsins verði lækkað eða fellt niður.

- 2.3. Verði gerð umtalsverð breyting á fjárveitingu til samningsins í fjárlögum taka aðilar upp viðræður um aðlögun rekstrarins að breyttri fjárveitingu.
- 2.4. Framlag ríkisins skv. samningi þessum tekur breytingum samkvæmt verðlagsuppfærslu fjárlaga hvers árs.
- 2.5. Háskólasetrið starfar samkvæmt skipulagsskrá Háskólaseturs Vestfjarða sem var samþykkt 22. mars 2005.
- 2.6. Háskólasetrið starfar í samræmi við lög og reglugerðir sem gilda um umsamda starfsemi og verkefni, en einnig, eftir því sem við á: eftir lögum og reglugerðum um rekstur aðila sem kostaðir eru að verulegu eða öllu leyti af framlögum ríkisins.

### 3. Ábyrgð styrkþega


- 3.1. Háskólasetrið ber ábyrgð á starfsemi sem samningur þessi tekur til og að hún fullnægi kröfum um fagmennsku og gæði. Háskólasetrið skal geta lagt fram gögn og skýrslur þessu til staðfestingar, sé eftir því leitað.
- 3.2. Háskólasetrið ber ábyrgð á skuldbindingum sem það eða aðilar á þess vegum stofna til í tengslum við samning þennan.
- 3.3. Háskólasetrinu er óheimilt að:
  - 3.3.1. Afhenda, án skriflegs samþykkis ráðuneytisins, réttindi sín og skyldur samkvæmt samningi þessum í hendur þriðja aðila.
  - 3.3.2. Framselja greiðslur skv. samningi þessum til þriðja aðila og setja með öðrum hætti til tryggingar fjárskuldbindingu skv. 45. gr. laga um samningsveð nr. 75/1997.

### 4. Upplýsingar, samskipti og eftirlit vegna fjármála

- 4.1. Ráðuneytið greiðir árlegt framlag sem hér segir:
  - 4.1.1. Í tólf jöfnum hlutum og er miðað við að greiða fyrsta dag hvers mánaðar. Greitt er inn á bankareikning í viðskiptabanka Háskólasetursins.
- 4.2. Háskólasetrið skilar ráðuneytinu:
  - 4.2.1. Áætlun um rekstur og efnahag ásamt starfsáætlun, þar sem fram komi m.a. hvernig er áætlað að ráðstafa framlagi og helstu starfsmarkmið sem unnið verður að, fyrir lok janúar ár hvert.
  - 4.2.2. Endurskoðaðan ársreikning ársins á undan með skýringum, fyrir lok júní ár hvert.
- 4.3. Eigi Háskólasetrið í viðskiptum við lögaðila sem það á eignarhluta í eða er í eigu fjárhagslegra tengdra aðila svo sem stjórnenda hans, eða annarra aðila, skulu þau fara fram á viðskiptalegum forsendum og gerð grein fyrir þeim í ársreikningi.

### 5. Upplýsingar, samskipti og eftirlit vegna verkefna

- 5.1. Ráðuneytið hefur eftirlit með framkvæmd samningsins.
- 5.2. Fulltrúar ráðuneytis og Háskólasetursins funda að lágmarki árlega um samninginn.
- 5.3. Fyrir lok júní ár hvert skilar Háskólasetrið ráðuneytinu greinargerð um framkvæmd samningsins, hver staða verkefna er og hvernig framlagi var ráðstafað í samanburði við áætlun.
- 5.4. Háskólasetrið skilar ráðuneytinu upplýsingum sem það kallar eftir vegna opinberrar upplýsingagjafar.



10/10/10

- 5.5. Háskólaþrið veitir ráðuneytinu upplýsingar sem það kallar eftir vegna eftirlits með framkvæmd samningsins. Ráðuneytið hefur heimild til að gera sjálft eða fela öðrum að gera athuganir og úttektir á öllum eða einstaka þáttum í framkvæmd samningsins. Í því sambandi hefur það óheftan aðgang að öllum gögnum sem máli skipta, þar á meðal fundargerðum, skráum, fylgiskjölum, skýrslum, bókum og bréfum.
- 5.6. Samning þennan, ársreikning Háskólaþriðs, greinargerð um framkvæmd samnings og úttektarskýrslur skal birta á vef Háskólaþriðs jafnóðum og þessi gögn liggja fyrir. Ráðuneytinu er heimilt að birta gögnin á vef sínum.
- 5.7. Háskólaþrið setur á vefsíðu sína ýmis gögn sem eru efnislegar afurðir verkefnisins, svo sem skýrslur, leiðbeiningar og áætlanir.


## 6. Vanefndir og meðferð ágreinings


- 6.1. Háskólaþrið tilkynnir ráðuneytinu tafarlaust ef það telur vafa leika á um að það geti uppfyllt skyldur samkvæmt samningnum. Jafnframt greinir stofnunin frá úrræðum sem hún hyggst grípa til.
- 6.2. Ráðuneytinu er heimilt að draga úr greiðslum, stöðva greiðslur og endurkrefja um greiðslur uppfylli Háskólaþrið ekki skyldur sínar samkvæmt samningi þessum.
- 6.3. Samningsaðilar munu leitast við að jafna ágreining, ef einhver er, sín á milli.
- 6.4. Dómsmál sem rísa kann út af samningi þessum skal rekið fyrir Héraðsdómi Vestfjarða.

## 7. Gildistími og lok samnings

- 7.1. Samningurinn gildir frá 1. janúar 2014 til 31. desember 2016.
- 7.2. Hvor aðili um sig getur óskað eftir því að einstök ákvæði samnings þessa eða samningurinn í heild verði tekinn til endurskoðunar, enda séu færð fyrir því efnileg rök. Endurskoðun skal þá hefjast svo fljótt sem verða má.
- 7.3. Óski annar hvor samningsaðila að semja um áframhald eftir gildistíma samningsins skal hann koma því á framfæri fyrir lok febrúar það ár sem samningurinn rennur út.
- 7.4. Óski annar hvor aðila eftir að segja samningnum upp skal það gert skriflega með þriggja mánaða fyrirvara.
- 7.5. Samningur þessi er gerður í tveimur samhljóða eintökum og heldur hvor aðili eintaki.

Reykjavík, 4. júlí 2014

  
Illugi Gunnarsson  
Mennta- og menningarmálaráðherra

  
Halldór Halldórsson  
Form. stjórnar Háskólaþriðs Vestfjarða